



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Árborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
1.1	Leiðarljós leikskólans	4
2	Umbótaþættir.....	4
2.1	Lubbi finnur málbein.	4
2.2	Skapandi starf í sal – tónlist, leiklist og dans.	7
2.2.1	Uppbygging stundanna.....	7
2.2.2	Tónlist.....	7
2.2.3	Leiklist	8
2.2.4	Dans:.....	8
2.3	Útikennsla, útivera og ferðir út fyrir garðinn okkar.	9
2.4	Menntastefnuverkefni – Leiðtoginn í mér (The Leader in Me).....	11
2.5	Hópastarf.....	12
2.6	Notkun mynda í leikskólastarfinu og að nota sjónrænt skipulag.	15
2.7	Vinafundir í Árborg	16
3	Foreldrasamvinna.....	17
3.1.1	Ný læst Facebook síða var stofnuð í upphafi skólaárs fyrir foreldra.	17
3.1.2	Aukin áhersla lögð á að öll börn skólans eru allra, óháð deild er kemur að kveðjustund í lok dags úti í garði skólans.....	20
3.1.3	Foreldrafundir, samtöl, foreldrafélag og foreldraráð.....	20
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
6	Skipulagsdagar 2020-2021	23
7	Leikskóladagatal 2020-2021	24
8	Umsögn foreldraráðs.....	24



1 Greinargerð leikskólastjóra

Ég fékk þann heiður að taka við starfi leikskólastjóra í leikskólanum Árborg þann 20. maí 2020. Þessi starfsáætlun tekur mið af markmiðum og verkefnum fyrir komandi skólaár 2020-2021. Ég byrjaði á því að kynna skólanum, starfsfólki, börnum og foreldrum. Fékk margar gagnlegar hugmyndir og ábendingar frá bæði foreldrum, nemendum og starfsfólki. Ákveðið var að rýna í, skoða og kryfja starfið, námsefnið sem fyrir var í húsi, hugmyndir voru teknar frá starfsmönnum, stjórnendum, foreldrum og starfmönnum og út frá þeirri vinnu var skólaárið 2020-2021 skipulagt. Því næst var grafið ofan í dagskipulag hvernar deildar og ýmsu velt upp, hvað er að virka vel og hvað má skoða betur. Skoðað var hvar hvert verkefni stóð og í sameiningu var tekin ákvörðun um hvað unnið skuli vera með áfram og hvernig. Rýnt var einnig í starfslýsingar og ákveðið stefnumótunarvinna einkenndi fyrstu mánuði mína í starfi leikskólastjóra.

Síðasta skólaár var viðburðaríkt og komu upp ýmsir óvæntir þættir eins og verkföll og Covid 19 og því voru ýmis verkefni ókláruð. Þetta gaf okkur tækifæri til að dýpka þekkingu, skerpa markmið og eiga samtal bæði í stjórnendateymi skólans og svo einnig út frá upplifun, áhuga og hugmyndum allra sem starfa í skólanum. Skipulag skólaársins tekur mið af því að unnið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans, að áætlanir séu gerðar og reglulegt mat fari fram fyrir hverja deild og fyrir hvern námsþátt reglulega yfir skólaárið. Leikskólastjóri hefur skýra sín fyrir leikskólann og deildi og skiptist á hugmyndum með stjórnendateymi skólans sem samanstendur af, deildarstjórum, sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Einnig tók leikskólastjóri starfsmannasamtöl með öllu starfsfólki og fékk þar innsýn, hugmyndir, ábendingar og athugasemdir sem fléttast inn í starfsáætlun þessa.

Sterkur grunnur er grundvallaratriði, virðing og falleg framkoma við börn og foreldra, virðing á milli starfsmanna þar sem jákvæð og hvetjandi framkoma er í hávegum höfð. Einnig fór stjórnendateymið í stefnumótandi samtöl um foreldrasamskipti, upplýsingagjöf til foreldra. Við skoðuðum upplýsingaflæði til foreldra og einnig innan skólans. Samvinna á milli deilda var ígrunduð. Flottur hópur starfsfólks í Árborg fór í kjölfarið á þessu stefnumótandi mati mat af stað með skemmtilegt og faglegt leikskólastarf. Við viljum að leikskólinn okkar einkennist af virðingu á milli okkar allra, virðingu fyrir umhverfi okkar, efnivið og náttúrunni. Ánægja nemenda er okkur efst í huga ásamt mikilvægi þess að viðhalda, tryggja og byggja upp traust foreldra til skólans.

Sigríður Valdimarsdóttir, leikskólastjóri.



1.1 Leiðarljós leikskólans

Markmið með uppeldisstarfinu hjá okkur er að efla alhliða þroska barnsins þ.e. líkams- og hreyfiþroska, tilfinninga þroska, vitsmuna þroska, félags þroska, málþroska, sköpunarhæfni og siðgæðisvitund. Í starfi okkar viljum við leggja áherslu á að barnið sé í forgrunni, að því líði vel og að það fái að nóta sín á sínum forsendum, fái að læra af eigin reynslu í umhverfi sem ýtir undir áhuga þeirra og athafnaþörf. Í starfi okkar höfum við lagt áherslu á að læra um okkur sjálf og nánasta umhverfi okkar.

Við leggjum áherslu á að það ríki gott andrúmsloft í leikskólanum okkar og að þar finni allir til vellíðunnar, ánægju og öryggis.

Einkunnarorð leikskólans eru: **Traust - Samvinna - Lífsgleði – Nám**



2 Umbótaþættir

2.1 Lubbi finnur málbein.

Einnig tókum við ákvörðun um að vinna með Lubbi finnur málbein námsefnið. Stór hluti starfsfólks tók námskeið í **Lubbi finnur málbein**, fyrir um ári síðan, á starfsdegi og heilluðust bæði starfsmenn og börn af vinnu með Lubba. Lubbi finnur málbein er námsefni hannað fyrir leikskólabörn, málörvunarverkefni eftir Eyrúnu Ísafold Gísladóttur og Þóru Másdóttur. Námsefnið/verkefnið hefur það markmið að kenna börnum íslensku málhljóðin með ýmsum mjög skemmtilegum aðferðum. Efnið ýtir meðal annars undir að auka málþroska, læra að hvert mannsnafn, hver hlutur og hver staður, hefur sitt málhljóð og sinn staf. Hvert málhljóð



hefur einnig sitt ták. Söngur er einnig stór hluti af hverri Lubbastund og svo er Lubbi (stór bangsi sem er íslenskur fjárhundur) sjálfur alltaf með í för.

Hver deild á sinn Lubba, sinn bangsa fjárhund. Börnin hjálpa honum að finna málbein og um leið læra þau sjálf málhljóðin í þeirri röð sem þau þroskast í íslensku máli. Börnin eru mjög áhugasöm og er ánægjulegt að ákveðið hafi verið að vinna með Lubba á þessu skólaári með öllum börnum leikskólans. Efnið er þannig að hægt er að aðlaga Lubbastundir að öllum aldri. Farið var af stað með verkefnið síðasta haust en vegna verkfalls og Covid lokana náði það ekki því flugi sem stefnt var að. Mikill undirbúningsvinna fyrir verkefnið var kláruð í kjölfar námskeiðs. Til dæmis á hvert málhljóð á sitt box sem inniheldur 10 litla hluti sem eiga það málhljóð. Dæmi: B boxið inniheldur bláan bolta, band, bát, bekk og bjöllu (sjá mynd).



Lubbasmiðjan okkar í Árborg



Markmið með umbótum:

- Aukin málörvun og aukið faglegt starf
- Að auka áhuga barna á stöfum og málhljóðum í gegnum lifandi efni sem byggt er upp fyrir börn á leikskólaaldri.
- Að börnin læri ýmis lög og einnig er áhersla á landafræði Íslands. Lubbi ferðast í fylgd barnanna um landið og finnur málbein, börnin læra um ýmsa staði á landakorti af Íslandi sem staðsett er í hæð barnanna á hverri deild.
- Að unnið sé með Lubba í samverustund nokkrum sinnum í viku.
- Að börnin þekki sitt málhljóð og að kennarar noti ýmis tækifæri til að tala um málhljóð til dæmis í fataherberginu þegar barn er að klæða sig í stígvél. Hver stafur á sitt tákni og málhljóð. Málhljóðið Sssss á táknið og hljóðið sssssss (sagt hljóðlega) og fingur settur fyrir varir um leið og hljóð er notað. Þá er sagt, ssssstígvél, hvaða málhljóð á stígvél? Og barn og kennari finna út úr því saman. Lubba efnið er auðvelt að flétta inn í ýmsar stundir og eru mörg börn mjög áhugasöm um það.



Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt skólasárið.

Aðgerðir til umbóta: Að nota Lubba og málhljóðin í fleiri stundum á hverjum degi. Nota málhljóðin og tengingarnar í almennu spjalli við börnin.

Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri ber ábyrgð en 2-3 starfsmenn á hverri deild halda Lubbastundir. Allir nota málhljóðin og táknið til að efla börnin og hafa gaman af.



Endurmat: Fer fram á deildarfundum sem eru haldnir á 3ja vikna fresti. Einnig á deildarstjórafundum þar sem Lubbi er sérstaklega ræddur og tekin fyrir 1-2 á hverri önn.

Viðmið um árangur: Að öll börnin kunni sitt málhljóð. Að Öll börnin þekki Lubba og kunni að syngja Lubbalögin. Marmiðin eru fleiri og kröfurnar meiri því eldri sem börnin eru. Elstu tveir árgangarnir eiga að kunna öll málhljóðin og eiga að geta fundið orð sem byrja á ákveðnu

2.2 Skapandi starf í sal – tónlist, leiklist og dans.

Valgerður Anna Þórisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri sér um vikulegt skapandi starf í sal skólans, alla miðvikudaga. Tónlist, leiklist og dans eru mikilvægir námsþættir í leikskólanum. Þeir styðja undir alla þroskapætti leikskólanemenda og færa þeim aukna færni og styrk.

2.2.1 Uppbygging stundanna

Allar stundirnar byrja og enda eins. Við, kennarar og nemendur, stöndum í hring og leiðumst. Við segjum saman: Velkomin listastund. Allar stundirnar hafa sitt fasta upphaf, hápunkt og endi. Lagt er upp með að þó hver stund sé undir formerkjum t.d. tónlistar – þá eru hinar greinarnar, leiklist og dans, notaðar með, þ.e. samþætting meðal greinanna þriggja. Þó má benda á að fleiri þættir fléttast með s.b. sjálfstyrking, félagsfærni, málörvun og stærðfræði.

2.2.2 Tónlist

Í tónlist fá nemendur tækifæri til þess að efla tóneyra og taktvitund, kynnast alls kyns heimstónlist og hljóðgjöfum og læra að koma fram á "tónleikum". Það að koma fram, kynna sig og flytja lítið atriði er grundvöllur fyrir því að efla sjálfstraust og líða vel í eigin skinni.



2.2.3 Leiklist

Í leiklist fara nemendur í hlutverk í tilbúnum heimi, kanna mannleg samskipti, finna lausnir á vandamálum og læra af reynslu sinni. Þau fá einnig góða æfingu í að koma fram fyrir hópinn hvert og eitt. Þannig stuðlar leiklistin að sterkari sjálfsmynd og aukinni hæfni þeirra til að setja sig í spor annarra og lifa sig inn í ímyndaðar aðstæður. Þá styrkir leiklistin málþroska og framsögn, sköpunarfærni og félagsfærni.

2.2.4 Dans:

Dans, eins og hinar listgreinarnar hefur fylgt manninum frá örófi og er einskonar alþjóðlegt tjáningarform án orða. Áður en börn ná valdi á tungumálinu er þeim eðlislægt að tjá sig með líkama sínum og hafa þörf fyrir það. Dans veitir börnum tækifæri til að auka hreyfigetu sína og túlkun hugmynda og tilfinninga með líkamanum. Dansinn stuðlar að félagslegum samskiptum og þroskar hreyfigetu og sjálfsvitund nemanda, auk þess sem hann eflir hina eftirsóttu samkennd.

Markmið með umbótum:

- Að nemendur fái innsýn inn í greinarnar tónlist, leiklist og dans
- Að nemendur kynnist mismunandi hugtökum innan tónlistar, eins og hægt og hratt, sterkt og veikt, djúpt og hátt.
- Að nemendur kynnist mismunandi hugtökum innan leiklistar eins og að setja sig í spor einhvers, látbragð, hlutverk, leikrit, leiksvið, að þykjast.
- Að nemendur kynnist mismunandi hugtökum innan danslistar eins og vals, hliðar saman hliðar og hringdans.
- Að nemendur öðlist aukna færni í því að koma fram og sýna öðrum en einnig að vera áhorfandi og hlusta á aðra.
- Að nemendur taki virkan þátt eftir eigin áhuga og getu, í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir.
- Að nemendur njóti og gleðjist í þessu starfi.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt skólasárið.

Aðgerðir til umbóta: Að gefa börnunum færi á að upplifa margar tegundir af tónlist. Að gefa nemendum tækifæri til að upplifa fjölbreytt starfs að sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.



Ábyrgðaraðili: Valgerður Anna, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari stýrir og skipuleggur verkefnið vinnur með efnið í samvinnu við starfsmenn á deildum.

Endurmat: Fer fram á deildarfundum og deildarstjórafundum

Viðmið um árangur: Að börnin læri fjölbreytt lög. Að börnin njóti tónlistar í gengnum dans og tónlist. Að stundirnar snúist um að gleðjast, hafa gaman og að börnin fái að taka þátt á eigin forsendum út frá eigin skilning, áhuga og frumkvæði.

2.3 Útikennsla, útivera og ferðir út fyrir garðinn okkar.

Útikennsla: Vikulegar stundir þar sem tveir kennarar fara út fyrir garðinn með elsta árganginn, 2015 börnin af Rauða- og Bláalandi. Sá hópur nefnist Risaeðlurnar. Í upphafi skólaárs fer hópurinn á leynistað. Lítil og falleg laut í skóginum á opnu svæði fyrir aftan lóð leikskólans þar sem farið er yfir verkefnið sem vinna á þann dag og spjallað um það sem börnin vilja ræða. Hópurinn velur sér síðan tré sem að þau fylgjast með allan veturinn og fram á sumar. Myndir eru teknar vikulega af þeirra tréi og skapast uppræða og verkefni í kringum það. Í hverri viku fá svo börnin drykk sem kallaður er töfra drykkur, til dæmis kakó. Í hverri útikennsluferð eru verkefni og markmið þar sem þema er fléttað inn í, árstíðir, stærðfræðikennsla, litir, að telja, rannsaka og skoða. Málhljóðin úr Lubbastundum eru einnig notuð í útikennslunni. Útikennslan hefur vakið mikla lukku og eru þessar stundir eftirsóknarverðar fyrir börnin. Náttúran og umhverfið umhverfis leikskólann Árborg er einstaklega hentugt fyrir útinám og býður upp á ótal möguleika.

Markmið með umbótum:

- Aukin málörvun og aukinn forvitni og áhugi á náttúrunni.
- Aukin hreyfing, aukið þrek og aukin fjölbreytni í skólastarfi.
- Að vinna með hverja útikennslustund á fjölbreyttan hátt með frásögnum, myndatöku, mála og/eða teikna það sem börnin sáu og einnig að gefa hópnum færi á að hafa áhrif á hvert er farið og hvað er gert í hverri viku.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt skólafsárið.



Aðgerðir til umbóta:

- Að finna fleiri leiðir til að virkja lýðræði.
- Að börnin læri að þau hafa áhrif á starfið og að þeirra áhugi skiptir máli.
- Að börnin finni að þeirra hugmyndir eru velkomnar og að þeirra álit skiptir máli.

Ábyrgðaraðili: Einn starfsmaður af Bláalandi og einn af Rauðalandi er með umsjón með þessu verkefni. Fleiri á deildinni taka þátt og geta tekið að sér ferðir ef að um forföll ræðir.

Endurmat: Staðan er metin á deildarfundum. Starfsmenn koma með hugmyndir af verkefnum og úrbótum.

Viðmið um árangur: Að börnin hafi ánægju af útikennslunni. Að börnin fái að taka þátt í að velja viðfangsefni til að kanna og skoða og þar með verði þátttakan meira á þeirra forsendum. Að ýta undir meira lýðræði.



2.4 Menntastefnuverkefni – Leiðtoginn í mér (The Leader in Me).


Starfsmenn og stjórnendur í Árborg eru sammála um að vinna áfram með „Leiðtoginn í mér“.

Hugmyndafræðin, námsefnið og gögnin eru byggð á kenningum Steven R. Covey. Nálgunin byggir á grunni lögmála og færni persónulegs árangurs og framfara í samskiptum. Við trúum því að hvert barn býr yfir einstökum styrkleika og hefur getuna til að leiða sjálft sig og aðra til árangurs.

Hvert barn fær í gegnum starfið tækifæri til að vinna út frá sínum eigin styrkleikum og verða sá besti sem hún/hann getur orðið. Stór hluti starfsfólks fékk námskeið um **Leiðtoginn í mér** fyrir ári síðan og var farið aðeins af stað með efnið á síðasta skólaári en mér skilst að þetta hafi ekki náð flugi vegna erfiðra aðstæðna í skólanum, verkföllum og Covid. Þetta efni er heillandi og skemmtilegt og var því tekin aftur upp þráðurinn og erum við í Árborg vinna með það áfram fyrir þetta skólaár.

Leiðtoginn í mér - Leikskólar:

Lífsleikni fyrir leiðtoga á öllum aldri. Sjó skemmtilegar sögur með verkefnum og hugleiðingum fyrir lífstíð.



Markmið með umbótum:

- Að efla félagsfærni barnanna og gefa þeim verkfæri til að vinna með í krefjandi samskiptum.
- Að byggja upp sterka einstaklinga með góða leiðtogafærni til að takast á við áskoranir í lífi og starfi.
- Tilgangurinn er að undirbúa næstu kynslóð undir það að takast á við áskoranir og tækifæri 21. aldarinnar.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt skólaárið.

Aðgerðir til umbóta:

- Að notast við námsefnið í hverri viku.
- Að finna og grípa tækifæri til að flétta efnið inn í starfið. Ekki bara í skipulögðum stundum heldur einnig í almennu starfi.

Ábyrgðaraðili:

Deildarstjóri stýrir og skipuleggur verkefnið og úthlutar og vinnur með efnið í samvinnu við alla starfsmenn á deild.

Endurmat: Fer fram á deildarfundum.

Viðmið um árangur: Að hverri deild takist að vinna vikulega að því hjálpa hverjum einstaklingi til að blómstra. Að börnin í Árborg fái tækifæri til að vinna út frá sínum eigin styrkleikum og verða sá besti sem hann/hún getur orðið.

2.5 Hópastarf

Allar deildir eru með hópastarf. Grænaland er með hópastarf 4 daga vikunnar, á föstudagsmorgnum fara börnin svo öll á Vínafund í sal skólans. Könnunarleikurinn er aðferð sem unnið er með á Grænalandi. Börnunum er skipt í þrjá hópa. Könnunarleikinn notum við til að hvetja börnin til að rannsaka umhverfi sitt, hlusta, snerta og skoða. Skilningarvitin eru örðuð sem og gróf- og fínhyfingar. Hverju barni gefst tækifæri á að uppgötva efniviðinn og umhverfi sitt á sínum forsendum. Í hópastarfi á Grænalandi eru einnig hreyfistundir. Í hreyfistundum eru þrautabrautir, dans og tónlist og einnig stuttar gönguferðir út fyrir garðinn. Fyrst 50-100 metra langar og lengjast svo smátt og smátt er börnin eldast og öðlast meiri þroska og þrek. Öll börn á Grænalandi fara síðan einu sinni í viku í listaskála leikskólans í myndlist. Listaskálinn á jarðhæð Rauðalands. Fjölbreytni er í að nýta ólík rými skólans og börnum gefst færi á að tjá sína sköpunargleði með ólíkum efnivið svo sem málningu, leir og litum.



Bláa- og Rauðaland eru einnig með hópastarf. Hvor deild skiptir barnahópnum í 3 hópa. Hópastarf er fjölbreytt og er hver hópur með sinn hópstjóra allt skólaárið. Deildarstjóri er ekki með hóp heldur er hann faglegur leiðtogi, skipuleggur starfið í samvinnu við starfsmenn á sinni deild og vinnur með öllum hópum, aðstoðar, leiðbeinir og styður við hópstjórana sína. Einnig gefst þá deildarstjóra meira svigrúm til að hrósa börnum og starfsfólki, hjálpa viðkomandi hóp til dæmis ef upp kemur sú staða að aðstoða þurfi barn við salernisferð, ef að upp kemur ágreiningur í hóp eða annað sem hópurinn kann að vilja stuðning með. Deildarstjóri leysir svo af hópstjóra og tekur við hans/hennar hóp ef upp koma veikindi eða frí. Hópastarfið er þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 10:00-11:20. Á miðvikudögum fer hver hópur með sínum hópstjóra í skapandi starf í sal hjá Völu, aðstoðarleikskólastjóra. Hópurinn velur svo önnur verkefni fyrir eða eftir sína stund í sal í Skapandi starfi.

Hver hópstjóri er með möppu fyrir sinn hóp þar sem hann/hún heldur utan um skráningu, hópstjórinn hefur þar hugmyndabanka af ýmsum verkefnum til dæmis leikjum, verkefnum, lögum og sögum. Verkefnin eru hugsun út frá námskrá leikskóla en einnig út frá áhuga og getu barnanna í hópnum. Unnið er með grófhreyfingar, fínhreyfingar, samskipti og málölvun, í sitthvoru lagi eða alla þættina í einu.

Grófhreyfingar eru til dæmis frjáls dans, að hoppa, hlaupa, íþróttæfingar, þrautabrautir, útivera og gönguferðir út fyrir garðinn. Fínhreyfingar eru einnig fléttaðar inn í ýmis verkefni í hópastarfi til dæmis, að teikna, þræða, föndra, raða, mála, kubba, spila og fleira. Í málörvunar flokknum er lögn áhersla á að leggja orð á athafnir. Tala, hlusta og spyrja hópinn og einstaklingana í honum. Söngur, vísur, bóka- og sögulestur ásamt þess að virkja börnin í hópnum til að nota fjölbreyttar leiðir til tjáningar svo sem söng, myndir, handabendingar, orð, sitt móðurmál hvort sem um ræðir íslensku eða annað móðurmál. Samskiptaflokkurinn er einnig mikilvægur þáttur í hópastarfinu okkar. Við eflum samskipti með ýmsum leiðum, til dæmis með samvinnu, að rúlla á milli, hjálpa hvort öðru, göngum frá í sameiningu, segja og búa til sögur, hlutverkaleikir og fleira.



Hópar vinna oft með öðrum hópum til dæmis ef fara á í gönguferð að gefa öndum, , lautarferð, að njóta náttúrunnar og/eða safna laufum, steinum og greinum. Þá sameinast tveir hópar af sömu deild eða á milli deilda og fara saman í ferð út fyrir garðinn í gulum vestum.

Markmið með umbótum:

- Að börnin fái markvissa stund með sínum hópstjóra minnst 3 x í viku.
- Að ýta undir og efla starfsmenn í að öðlast meiri nánd og tengslamyndun með því að hópstjóri vinni með minni hóp hluta úr degi. Hópstjóri fær þá betri yfirsýn yfir framfarir, þroska og líðan barnanna í sínum hóp.
- Að sjá að innlegg starfsmanns, innlegg barnanna á milli og samvinna barnanna skilar árangri, gefur hópstjóra mikið. Þegar hópstjóri sér árangur hjá barni þá er fátt meira gefandi, einstaklingsmiðaðar stundir gefa starfsfólki fleiri tækifæri til að sjá slíkan árangur.
- Að það myndist dýpri tengsl og traust á milli nemenda og kennara og einnig á milli barnanna í innan hópsins.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Aðgerðir til umbóta:

- Að búa til umhverfi þar sem börnin hafa meiri áhrif á val verkefna og efniviðs.
- Að minnka líkur á að hópastarf falli niður ef að starfsmaður er veikur. Að deildarstjóri sé þá til staðar til að taka við hópastarfi fyrir þann hópstjóra og með því að skerða ekki starfið með börnunum.

Ábyrgðaraðili:

Deildarstjóri stýrir og skipuleggur starfið en hver hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp í samvinnu við deildarstjóra og einnig er hvatt til samvinnu á milli hópa í skólanum.

Endurmat: Fer fram á deildarfundum.

Viðmið um árangur:



- Að hópastarf fari fram á milli 10:00-11:20 3 daga vikunnar
- Að börn og starfsmenn upplifi gleði, árangur, lýðræði, ábyrgð og ánægju í leikskólanum.

2.6 Notkun mynda í leikskólastarfinu og að nota sjónrænt skipulag.

Á þessu skólaári verður lögð aukinn áhersla og vinna í að nota myndir og sjónrænt dagskipulag. Notkun mynda hefur víða reynst einstaklega vel til að auka orðaforða, efla öll börn og hefur myndrænt skipulag einnig reynst einstaklega vel fyrir börn sem þurfa aukna málörvun og tvítyngd börn. Einnig gefur sjónrænt skipulag börnum góða yfirsýn yfir verkefni dagsins.

Við höfum nú þegar farið af stað með þessa vinnu, keypt okkur aðgang að mjög góðu forriti til slíkrar vinnu sem heitir Widgit Online, þar er góður gagnagrunnur með fallegum myndum, við höfum skoðað aðra skóla sem vinna með myndrænt efni og fengið hugmyndir, Rofaborg mælti með þessu forriti og hefur það reynst okkur vel.. Einnig erum við á fullu að nýta myndir til að ýta undir skilning og öryggi þeirra barna sem hafa litla sem enga íslenskukunnáttu. Þau fá að sjá mynd af því sem skal gera næst til dæmis útivera, klósettferðir, söngstund, matartímar svo dæmi sé tekið. Einnig notum við myndir fyrir börnin til að fá var um efnivið og leikefni. Við erum að byrja á þessari vinnu á algjörum núll punkti því lítið sem ekkert efni var til.

Markmið með umbótum:

- Að börn með lítinn eða engan orðaforða hafi fleiri leiðir til að tjá sig.
- Að starfsmenn hafi fleiri tól og tæki til að hjálpa börnunum að auka orðaborða sinn. Myndir eru alþjóðlegt tungumál og hjálpa okkur einnig í samskiptum við suma foreldra.
- Að kveikja áhuga sem flestra á því að nota myndir í bland við talað mál. Mörg börn, burt sé frá móðurmáli, þroska, aldri og orðaforða hafa gaman af myndum og er markmiðið að nota myndir til að allir njóti góðs af.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.



Aðgerðir til umbóta:

- Að gera myndrænt dagskipulagt fyrir allar deildir og að það sé sýnilegt og notað daglega.
- Að börn með annað móðurmál en íslensku geti haft aðgang að myndum til að aðstoða þau við a tjá sig.
- Að starfsfólk noti myndirnar máli sínu til stuðnings til dæmis þegar útskýra á hvaða verkefni er næst t.d. útvera, matartímar, myndlist og fleira.

Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri stýrir og skipuleggur verkefnið í samvinnu með sérkennslustjóra og sérkennslustarfmenn skólans. Sérkennslustjóri hjálpar deildarstjóra og starfsmönnum á deildinni við að meta þörf og styður við innleiðingu efnis. Einnig taka fleiri starfsmenn sem sjá um sérkennslu í skólanum, þátt í að vera fyrirmyndir og kenna hinum sem ekki hafa öðlast næga æfingu ennþá.

Endurmat: Á deildarfundum og deildarstjórafundum.

Viðmið um árangur:

- Að börnin sem þess þurfa noti myndir máli sínu til stuðnings. Að sjónrænt dagskipulag sé notað í samverustund að morgni.
- Að við notum myndir, látbragð, blæbrigði í rödd og ýmsa muni þegar lesið er fyrir fjölbreyttan hóp, ólíkan aldur og málþroski er misjafnt hjá hverju barni. Því teljum við fjölbreyttar aðferðir til lesturs mjög gagnlegar og einnig skemmtilegar fyrir alla.

2.7 Vínafundir í Árborg

Vínafundir eru alla föstudaga kl. 10:30 fyrir öll börn og starfsmenn í leikskólanum. Þeir eiga sitt fasta form. Upphaf, hápunkt og endi. Þeir hefjast alltaf og enda eins.

Foreldrar eru velkomnir á Vínafundi í samráði við stjórnendur.

Ath. vegna Covid-19 er þessi liður ekki í gildi á meðan smit er enn í samfélaginu.

Allt skólafólkið og nemendur gengur stundvíst og friðsamlega í salinn og sest í hring á gólfið. Gott tækifæri fyrir skyldmenni og vini að sitja saman.



Ákveðið upphafslag - skýr skilaboð um að þá sé vinafundurinn hafinn. Eftir lagið leiðast allir í hringnum og segja saman: „*Velkominn á Vínafund*“. Fallegum hugsunum er beint til þeirra sem lasnir eru heima - og allir segja saman, upphátt og af hjarta: „Við vonum að ykkur batni fljótt“. Afmælisbörn, afmælisstarfsfólk og afmælisgestir, liðinnar viku ef einhverjir eru stíga á stokk og þeim sunginn afmælissöngur að hætti skólans. Lubbamálhljóð og Lubbalag líðandi viku er flutt, deildir skiptast á.

Hápunktur / óvænt uppákoma. Vettvangur fyrir allt skólafólkið; nemendur, kennara, foreldra að koma með eitthvað atriði sem passar í aðstæðurnar. Mikilvægt er að gera fyrirfram boð á undan sér. Allt er leyfilegt, innan eðlilegra marka: tónleikar af öllum gerðum, danssýningar og fimleikar, leiksýningar, sögur og ævintýri, o.s.frv.

Næstu tvo liði má hafa hvor eftir öðrum eða báða.

Söngvagrús: allir setjast í hringinn aftur og söngvar valdir úr krúsinni á ákveðinn hátt.

Ball og slökun: Allir sem vilja dansa og skemmta sér og eftir það leggjast allir á bakið gólfíð, ljósin dempuð og rólegt lag flutt.

Vínafundinum líkur svo eins og hann byrjaði. Allir leiðast og segja saman: „*Takk fyrir Vínafundinn*“. Deildirnar hverfa svo til sinna heima jafn friðsamlega og þær komu í byrjun undir hinum klassíska kveðjusöng:„bless og bless og bless“.

3 Foreldrasamvinna

3.1.1 Ný læst Facebook síða var stofnuð í upphafi skólaárs fyrir foreldra.

Ný læst Facebook síða var stofnuð fyrir foreldra og hefur sú síða vakið mikla lukku meðal foreldra. Vegna skerts aðgangs foreldra inn í skólann út af Covid 19 höfum við ákveðið að leggja sérstaka áherslu á að birta myndir af leik og starfi barna í Árborg, með skriflegu samþykki foreldra.



Markmið með umbótum:

- Auka samskipti og sýnileika starfsins í skólanum.
- Að gefa foreldrum innsýn í það faglega og fjölbreytta starf sem unnið er í Árborg.
- Að gefa foreldrum færi á að skapa umræður með börnum sínum um leik og starf í skólanum. Ekki hafa öll börn áhuga eða færni til að segja frá deginum sínum og teljum við að myndir geti skapað skemmtileg tækifæri til þess.
- Að bæta upplýsingaflæði og samskipti milli leikskóla og foreldra.
- Að byggja upp traust foreldra til skólans og að hvetja foreldra til að hafa samskipti við okkur eins oft og óskað er.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Aðgerðir til umbóta:

- Reglulegir tölvupóstar með upplýsingum um leik og starf í skólanum. Leikskólastjóri og deildarstjórar senda á foreldra.
- Að foreldrar þekki starfsfólk sinnar deildar og að þeir upplifi að samskipti eru velkomin.
- Fleiri samtöl þar sem allt starfsfólk deilir upplýsingum um börnin með foreldrum þeirra, litlum gullmollum eða litlum dæmisögum um ánægjuleg augnablik í degi barnanna.
- Vikuleg innleg texta og/eða myndir fara inn á nýja læsta foreldrasíðu á Facebook. Síðan var stofnuð í upphafi skólaársins í september 2020, foreldrar lýsa yfir mikilli ánægju með þessari boðleið og við teljum þetta því mun mikilvægara á tímum Covid-19 því að aðkoma foreldra er mjög skert.
- Foreldrahópurinn í Árborg er fjölmenningarlegur og koma foreldrar frá mörgum löndum og er því mikilvægt að allt efni sem kemur frá skólanum sé á íslensku og ensku og að deildarstjórar og stjórnendur hvetji foreldra til að fá túlka samtöl eins oft og þörf krefur.
- Að myndir sem settar eru úr starfinu mega vera þvert á deildir eða af einni deild og jafnvel einum hóp.
- Myndataka á ekki að trufla verkefni og leik barnanna og ekki er leitast eftir upp stilltum myndum heldur er markmiðið að gefa foreldrum innsýn í þau fjölbreyttu verkefni sem börn þeirra vinna með starfsmönnum og vinum sínum í skólanum sínum.



- Markmið síðunnar er síðurað ná myndum af öllum börnum hverju sinni heldur frekar er lögð áhersla á að gefa ákveðna innsýn. Við teljum þó mikilvægt að huga að því að taka myndir af sem flestum hverju sinni.
- Að gefa foreldrum skemmtilegan grundvöll til umræðu um starfið með því að skoða myndirnar vikulega með sínu barni.

Ábyrgðaraðili:

Leikskólastjóri ber ábyrgð á tölvupóstssamskiptum er kemur að póstum sem fara á alla foreldra í skólanum. Þetta eru ýmsir póstar, sumir eru með upplýsingum í tengslum við Covid-19, aðrir um starfið og skólann, allt sent út á ensku og íslensku. Deildarstjórar bera ábyrgð á að deildin setji innleg vikulega á foreldrasíðu leikskólans á Facebook með myndum úr starfinu. Deildarstjóri vinnur/safnar myndum og innlegg í samvinnu við starfsmenn á deild sinni. Það eru alltaf minnst 1-2 starfsmenn á hverri deild sem hafa sérstaklega gaman af því að taka að sér myndatöku og að skella á síðuna og fá þeir hvatningu og svigrúm til þess. Deildarstjóri ber þó ábyrgð á að þetta sé gert vikulega. Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri hafa einnig aðgang og eru hvattir af leikskólastjóra til að setja inn myndir úr starfi sínu með börnunum.

Endurmat:

Mun fara fram á deildarstjórafundum 2x fyrir og 2x eftir áramót. Tekið er mið af ábendingum foreldra, hugmyndum og vangaveltum starfsmanna og einnig er skoðað hvað hefur genið vel og hvað má bæra er kemur að samskiptum og upplýsingaflæði til foreldra.

Viðmið um árangur:

Að foreldrar upplifi gott og títt upplýsingaflæði frá leikskólanum. Að foreldrar séu upplýstir um faglegt starf í skólanum, þekki starfsfólkið og viti hvert þeir eigi að leita ef upp koma spurningar.



3.1.2 Aukin áhersla lögð á að öll börn skólans eru allra, óháð deild er kemur að kveðjustund í lok dags úti í garði skólans.

Aukinn áhersla er nú lögð á samvinnu á milli deilda í útiveru í garðinum. Þetta á við um samskipti við öll börn og alla foreldra. Eðlilegt er að foreldrar leiti upplýsinga um einstaka þætti er varðar þá sem mest starfa með þeirra barni en þessi aukna áhersla snýr meira að því að hafa augu á hnakkanum, kynnast sem flestum börnum og foreldrum vel og að geta hjálpað og huggað barn þó að barnið sé ekki á þinni deild.

3.1.3 Foreldrafundir, samtöl, foreldrafélag og foreldraráð.

Foreldrafundur: Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna Covid 19 verða foreldrafundir ekki með hefðbundnu sniði. Aukin tölvupósts samskipti eru því við foreldra og fá foreldrar hvernar deildar tölvupóst um vetrarstarfið og gang mála. Einnig eru foreldrar ítrekað hvattir til að senda okkur tölvupóst og hringja ef að forvitni og spurningar vakna um líðan barna, starfið eða annað sem foreldrar vilja ræða.

Foreldraráð og foreldrafélag:

Þannig hittist á að í upphafi skólaárs voru einungis tveir foreldrar í foreldraráði og foreldrafélagi. Hinir voru foreldrar elstu barna sem fóru í grunnskóla. Upphaflega átti að nota foreldrafundi haustsins til að efla og hvetja til framboðs í þessi félög en ekki gefst færi á því á haustönn 2020 og var því ákveðið að gera eitt félag að svo stöddu sem er þá foreldrafélag og foreldraráð. Með tölvupósti eru foreldrar hvattir til að bjóða sig fram í foreldrafélagið og/eða foreldraráð. Hefðbundnir viðburðir foreldrafélags hafa fallið niður en munum við efla foreldra í þessum efnum um leið og kostur er. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum.



Foreldrasamtöl Foreldrasamtöl verða 2x á skólaárinu. Fyrri viðtöl verða í nóvember. Fyrir haust 2020 verða foreldrasamtöl, samkvæmt fyrirmælum skóla- og frístundarsviðs, fjarviðtöl í gegnum tölvu en að öðru leiti eru þau undirbúin og unnin að hefðbundnum hætti. Stefnt er á að hafa seinni foreldraviðtöl í lok mars og verður þá tekin staðan hvort um stað- eða fjarviðtöl verður að ræða. foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með háftíma fyrir hvert barn. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra í hvert skipti.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl:

Starfsþróunarsamtöl fara fram á skrifstofu leikskólastjóra einu sinni á ári og fá starfsmenn þá punkta með áhersluatriðum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Leikskólastjóri tók slík samtöl í júlí 2020 og verða síðan tekið slík samtöl aftur á bilinu febrúar-mars 2021.

Nýir starfsmenn:

Leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri tekur samtöl við nýja starfsmenn á 1-2 vika fresti fyrstu 2 mánuði í starfi oftast og/eða lengur ef þörf krefur. Í því samtali gefst starfsmanni færi á að spyrja spurninga, ræða starfið og fá hrós, ábendingar og fræðslu.

Deildarstjórar með nýjan starfsmann á sinni deild sjá um þjálfun. Fyrstu þrjá mánuði í starfi sjá þeir um hvatningu og úthlutun verkefna í samvinnu við starfsmenn á sinni deild. Deildarstjórar eru svo með hvatningar- og leiðbeiningar samtöl við nýja starfsmenn. Deildarstjóri tekur um það bil 15-30 mínútur í undirbúningstíma sínum vikulega eða 2x í mánuði, eftir þörfum. Hann/hún sest niður með nýjum starfsmanni og ræðir starfið, hlutverk kennarans, námsefni, málörvun, dagskipulag og fleira sem hann/hún telur þörf á að ræða. Þessi samtöl eru einnig fyrir starfsmann til að koma spurningum áleiðis sem ekki er hægt að ræða inni á deildum til dæmis spurningar er varða börnin og hvernig best er að vinna með ákveðna þætti. Deildarstjórar meta þörf og efni hvers samtals eftir aðstæðum og í samvinnu



við nýjan starfsmann. Reynst hefur vel að hafa fleiri styttri samtöl því að nýir starfsmenn eru að meðtaka mikið af upplýsingum fyrstu vikunnar. Nýtt starfsfólk fær einnig tækifæri, á vinnutíma til að horfa á stutt myndbönd, fræðsla um þætti eins og málörvun, kraftur hróssins og kraftur þess að knúsa, myndband um mikilvægi fyrstu árana í lífi barna og gefur þetta nýjum og jafnvel óreyndum starfsmönnum færi á að öðlast

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Árborg er í samstarfi við Árbæjarskóla varðandi elstu börnin. Fyrirkomulag samstarfs er á þá leið að leikskólinn fer nokkrum sinnum yfir veturinn í heimsókn í Árbæjarskóla en börnin í 1.bekk kemur einu sinni í heimsókn í leikskólann. dagskrá er orðin nokkuð hefðbundin og hefur breyst lítillega milli ára. Eftir áramót fá tveir elstu aðgangar börn fædd 2015 og 2016 aðgang að íþróttahúsi og munu hópar fara vikulega í íþróttir.



6 Skipulagsdagar 2020-2021

Skipulagsdagar í leikskólum Reykjavíkurborgar eru 6 talsins á hverju skólaári.

11. september 2020 – föstudagur – Fyrirlesari, Hópefli með markmið að efla liðsheild og að starfsfólk upplifi sig sem mikilvæga þátttakendur í skólastarfinu. Unnið með samvinnu í gegnum jákvæða sálfræði.

16. október 2020 – föstudagur – Hlutverk leikskólakennara í leik barna, innlegg í gegnum fjarbúnað frá Sögu Stephensen, verkefnastýra – fjölmennning í leikskóla. Fagskrifstofa SFS. Fjörbreyttar kennsluaðferðir, máltaka, lestur og sögu frásögn með myndum, leikrænni tjáningu og ýmsum hlutum safnað sem tengjast sögum. Hvernig og af hverju er unnið með sögu söguna á ólíkan hátt í tvær vikur í senn. Deildarvinna og hópastarf skipulagt eftir hádegi.

18. nóvember 2020 – miðvikudagur – Tákn með tali, námskeið í hús.

5. febrúar 2021 – föstudagur – Leikskóla Ráðstefna, Dagur leikskólans.

16. apríl 2021 – föstudagur - Fræðsla. Deildarfundir í lok dags.

10. maí 2021 – mánudagur – Endurmat skólaárs tekið saman. Starfsáætlun unnin



7 Leikskóladagatal 2020-2021

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Leikskólinn Árborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 F	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 M	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 M	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 F	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M		31 L

8 Umsögn foreldraráðs

Ég hef lesið yfir starfsáætlun Árborgar fyrir skólaárið 2020-2021. Ég samþykki þessa starfsáætlun fyrir hönd foreldraráðs leikskólans Árborgar.

F.h. Foreldraráðs,

Helga Agatha Einarsdóttir.

